



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 23. október 2017

USK2017050047

5.2

Borgarráð

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um úrbætur á gangstéttum við biðstöðvar - Tilvísun í mál R17020210.

Á fundi borgarráðs 23. febrúar 2017 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks:

"Í ágúst sl. lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram tillögu um að farið yrði yfir ástand gangstétta og gönguleiða við biðstöðvar í borginni og ráðist í úrbætur sem fyrst þar sem þörfin væri brýn. Tillögunni var ætlað að koma því til leiðar að úrbætur yrði gerðar fyrir veturinn á gangstéttum við þær biðstöðvar sem verst eru farnar að þessu leyti. Ekkert hefur frést af tillögunni síðan henni var frestað á fundi borgarráðs 25. ágúst sl. að öðru leyti en því að skrifstofustjóri borgarstjórnar vísaði tillögunni til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs 30. ágúst. Gerðar eru alvarlegar athugasemdir við þau vinnubrögð að tillögu, sem er í frestun í borgarráði, skuli vera vísað til fagsviðs og síðan líði sex mánuðir án þess að borgarráð sé með nokkrum hætti upplýst um framvindu málsins. Óskað er eftir því að upplýsingar um afdrif tillögunnar verði lagðar fyrir borgarráð á næsta fundi þess."

Umsögn:

Strætóbiðstöðvar í Reykjavík eru 558 talsins. Skýli frá AFA eru á 140 stöðum, rauð skýli á 147 stöðum, grá skýli á 84 og staur á 187 stöðum.

Ástandsmat gangstétta og gönguleiða í borginni var síðast endurskoðað 2012-2013. Stuðst er við það ástandsmat ásamt ábendingum frá notendum þegar lagðar eru línur um endurgerð og viðgerðir. Lauslegt kostnaðarmat á því að gera sérstaka úttekt á ástandi gangstétta og gönguleiða við biðstöðvar eins og tillagan gerir ráð fyrir er um 3,5 mkr. Áætlað er að á næsta ári verði farið í útboð á uppsetningu og rekstri strætóskýla en samningur við AFA rennur út 1. júlí 2018. Samhliða vinnu við gerð þeirra útboðsgagna, mun fara fram úttekt og ástandsmat á strætóbiðstöðvum og gönguleiðum við þær.

Ávallt er brugðist við ábendingum sem berast um viðhaldsþörf m.a. með tilliti til slyshættu.

Amundi Brynjólfsson,

skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds